

um kaup á skipi til sildarrannsóknna og sildarlettar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa hentugt skip til sildarrannsóknna og sildarlettar. Verði skipið útbúið nauðsynlegum leitartækjum, rannsóknartækjum og útbúnaði til sildveiðitilrauna og afhent fiskideild atvinnudeildar háskólans til eignar og starfrækslu.

Unnið verði að því, að skipið verði tilbúið fyrir næstu sumarvertíð.

Greinargerð.

Það er samdóma álit sjómanna og útgerðarmanna, að sildarleitinn hafi fært þjóðarbúinu og sjómannastéttinni sérstaklega stórhagnað á undanförunum árum. Þó hefur aðbúnaður þeirra, sem að sildarleit á sjó starfa, verið mjög ófullkominn, og ræður þar mestu um, að fiskideild atvinnudeildar háskólans, sem fer með stjórn þessarar starfsemi, hefur aldrei haft eigið rannsóknarskip til umráða, heldur orðið að leigja skip frá ári til árs til þessa.

Þetta var þó viðunandi fyrirkomulag, meðan varðskipið Ægir fékkst leigt til sildarlettar eingöngu, en eftir að fiskveiðilandhelgi Íslands var færð út í 12 sjómilur 1. sept. 1958, jukust annir landhelgisgæzlunnar stórlega, og svo fór s. l. sumar, að Ægir fékkst ekki leigður til sildarlettar sérstaklega, heldur varð hann að sinna gæzlustörfum og hjálparstörfum jafnframt. Leiddi það til mikilla erfiðleika fyrir starfsfólk sildarlettarinnar, sem á s. l. sumri varð þrisvar að hrekjast af Ægi yfir á Albert, þar sem engin skilyrði eru til rannsókna og leitartæki mjög ófullnægjandi.

Sild og sildarafurðir eru einn stærsti liðurinn í útflutningi landsmanna. Sildveiðar eru þó ekki stundaðar almennt nema nokkra mánuði úr ári hverju, en stefna verður hiklaust að því að veiða sild allt árið.

Ný tækni og nýjar veiðiaðferðir gera það mögulegt að stunda sildveiðar fjær landi en nú er gert og við verri veðurskilyrði, og vitað er, að sildin heldur sig í hafinu umhverfis landið allt árið. Því er nauðsynlegt að finna verustaði hennar og þekkja betur göngu hennar. Sildarleit utan aðalannatímabilsins frá apríl—september er því óhjákvæmileg.

Sildveiðar við Suður- og Vesturland, þar sem veðurskilyrði eru oft ákaflega erfið, hafa aukizt mjög síðasta áratuginn og munu eiga mikla framtíð fyrir sér. Reynsla s. l. sumars bendir og til þess, að sildveiðisvæðið út af Austfjörðum geti orðið mjög þýðingarmikið. Við erfið veðurskilyrði er rétt staðsetning flotans mjög mikilvæg, en skipuleg sildarleit er eina ráðið til, að svo megi verða.

Á undanförunum árum hafa bátar verið leigðir til þess að annast leit utan sumarvertíðar, en erfiðlega hefur gengið að samræma það heildaráætlun um sildarleit, þar eð bátar þessir hafa oft verið vanbúnir tækjum og mannaskipti tíð á þeim.

Þrátt fyrir þessa annmarka hefur mikið gagn orðið að leit þessari fyrir sildarflotann, og allt bendir til þess, að hún fái stórauðna þýðingu í framtíðinni af eftirgreindum ástæðum:

1. Nýjar veiðiaðferðir skapa þörf fyrir skipulagða sildarleit á sjó, því að þær gera mögulegt að ná sildinni, þótt hún komi ekki upp á yfirborð sjávarins (vaði ekki).
2. Aðkallandi er að lengja veiðitímamann stórlega, svo að hin dýru skip og tæki nýtist sem bezt og framleiðslan aukist. Þetta er óframkvæmanlegt að dómi fróðra manna, nema sérstakt sildarrannsóknarskip verði til taks.
3. Samhliða sildarleit á slíku skipi mætti gera veiðitilraunir, tilraunir með ný leitartæki og margvislegar rannsóknir og afla veiðiflotanum þannig ómetanlegra upplýsinga um skilyrði og aðferðir til veiða, auk þess sem upplýsinga yrði aflað um verustaði sildarinnar.

Það er ekkert efamál, að þeim fjármunum, sem hið opinbera kann að verja í þessu skyni, er skynsamlega varið. Þá er það heldur ekki vansalaust fyrir Íslandinga, sem jafnmikið eiga undir sjávarafli komið og raun ber vitni um, að búa illa að rannsóknarstarfsemi í þágu sjávarútvegsins. Í því felst mikil skammsýni.